

Efnaeftirlit á áætlun 2025 - Söluskrár 2024 fyrir notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur og útrýmingarefni og tilnefning ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara

Dagsetning	31.03.2025
Fyrirtæki	Samhentir Kassagerð hf.
Heimilisfang	Suðurhrauni 4a, 210 Garðabæ
Kennitala	5601962299
Starfsemi	Innflutningur, heildsala
Eftirlitsstaður	Á ekki við
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Á ekki við
Eftirlitsmaður	Kristín Silja Guðlaugsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Páll Einarsson

Samantekt

Umhverfis- og orkustofnun stóð fyrir eftirliti hjá Samhentum Kassagerð hf. með söluskrám ársins 2024 vegna sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum og tilnefningu ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara, sbr. hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna. Fyrirtækið skilaði gögnum til Umhverfis- og orkustofnunar. Af skráðum kaupendum notendaleyfisskyldra vara á árinu 2024 reyndust 17 viðskiptavinir ekki vera með notendaleyfi í gildi þegar kaup fóru fram. Í allt voru þessir 17 viðskiptavinir skráðir fyrir 34 viðskiptum með notendaleyfisskyldar vörur. Samhentir Kassagerð hf. hefur tilnefnt ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara og hefur tilnefningin verið staðfest af Umhverfis- og orkustofnun með útgáfu vottorðs.

Merking hugtaka og skammstafanir

Merking eftirfarandi hugtaka og skammstafana sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

- **Ábyrgðaraðili:** Nafngreindur ábyrgðaraðili sem tilnefndur er af þeim sem býður plöntuverndarvörur eða útrýmingarefni fram á markaði til að hafa umsjón með markaðssetningu þeirra.
- **Notendaleyfi:** Leyfi sem veitir nafngreindum einstaklingi heimild til að kaupa og nota notendaleyfisskyldar vörur.
- **Notendaleyfisskyld vara:** Plöntuverndarvörur eða útrýmingarefni þar sem skilgreint er í markaðsleyfi að varan sem um ræðir sé einungis ætluð til notkunar í atvinnuskyni, enda sé krafist sérstakrar kunnáttu við notkun hennar.
- **Markaðssetning:** Að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir efnalög nr. 61/2013 eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur er markaðssetning.

Hvað varðar plöntuverndarvörur er markaðssetning það að hafa umráð með sölu, þ.m.t. að bjóða þær til sölu eða afhendingar í öðru formi, hvort heldur er gegn gjaldi eða án endurgjalds, og sjálf salan, dreifingin eða önnur form afhendingar að undanskilinni endursendingu til fyrri seljanda. Afgreiðsla í frjálst flæði inn á EES telst markaðssetning.

Hvað varðar sæfivörur er markaðssetning það að bjóða tiltekna sæfivöru eða meðhöndlaða vöru fram í fyrsta sinn á markaði, þ.m.t. öll afhending sæfivöru eða meðhöndlaðrar vöru til dreifingar eða notkunar meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds.

- **Tímabundin skráning:** Plöntuverndarvörur sem voru með gildar skráningar skv. eldri löggjöf áður en efnalög nr. 61/2013 tóku gildi og sótt var sérstaklega um tímabundna skráningu sbr. ákvæði til bráðabirgða í efnalögum. Tímabundnar skráningar plöntuverndarvara gilda þar til að lokið er við að áhættumeta virka efnið í vörunni eða þar til að virka efnið í vörunni hefur verið bannað.
- **Markaðsleyfi:** Leyfi sem veitt er vöru á grundvelli áhættumats. Plöntuverndarvörur skulu vera með markaðsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun gefur út sbr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 5. gr. reglugerðar nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur. Sæfivörur skulu vera með markaðsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun gefur út sbr. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 5. gr. reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur.
- **Leyfishafi:** einstaklingur eða lögaðili sem er handhafi leyfis fyrir plöntuverndarvöru eða sæfivöru.

Markaðssetning notendaleyfisskyldra vara

Um markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara gildir 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og II. kafli reglugerðar nr. 677/2021. Dreifandi sem markaðssetur notendaleyfisskyldar vörur skal tilgreina nafngreindan ábyrgðaraðila til að tryggja að nægjanleg fagþekking sé innan fyrirtækisins. Slíkur einstaklingur skal vera til taks þegar sala fer fram til að veita viðskiptavinum fullnægjandi upplýsingar um notkun varanna og áhættu fyrir heilbrigði og umhverfið. Umhverfis- og orkustofnun staðfestir með útgáfu vottorðs að dreifandi hafi tilnefnt ábyrgðaraðila í markaðssetningu. Notendaleyfisskyldum vörum skal komið þannig fyrir á útsölustöðum að þær séu ekki aðgengilegar viðskiptavinum heldur skulu þær afhentar sérstaklega. Sá sem markaðssetur notendaleyfisskyldar vörur skal halda skrá yfir sölu þeirra og afhenda Umhverfis- og orkustofnun upplýsingar um kaupanda og selt magn á því formi sem stofnunin tilgreinir.

Kaup og móttaka notendaleyfisskyldra vara

Til að taka við, kaupa og nota notendaleyfisskyldar vörur skal einstaklingur vera handhafi að notendaleyfi fyrir plöntuverndarvörum og/eða útrýmingarefnum, eins og við á, sbr. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021. Sá sem markaðssetur notendaleyfisskyldar vörur ber ábyrgð á því að einungis handhöfum notendaleyfa séu afhentar slíkar vörur.

Umfang eftirlits

Umhverfis- og orkustofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og fer með eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Í því skyni hefur stofnunin m.a. eftirlit með meðferð og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir lögin með samræmdum hætti á landinu öllu. Auk þess hefur stofnunin eftirlit með banni og takmörkunum á efnum, efnablöndum og efnum í hlutum og með vörum sem þurfa markaðsleyfi.

Stofnunin stóð fyrir eftirliti hjá Samhentum Kassagerð hf. og var markmið þess að skoða hvort markaðssetning notendaleyfisskyldra vara sem fyrirtækið setur á markað uppfylli kröfur efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 677/2021 um að einungis handhöfum gilds notendaleyfis fyrir annars vegar plöntuverndarvörum og hins vegar útrýmingarefnum hafi verið afhentar umræddar vörur. Einnig var markmið eftirlitsins að skoða hvort fyrirtækið hafi tilnefnt ábyrgðaraðila í markaðssetningu og hlotið vottun Umhverfis- og orkustofnunar á tilnefningunni.

Í bréfi stofnunarinnar, dags. 3. mars 2025, var kallað eftir skráum frá Samhentum Kassagerð hf. vegna sölu ársins 2024 á notendaleyfisskyldum vörum og óskað eftir eftirfarandi upplýsingum varðandi hverja og eina vöru: dagsetning sölu, nafn notendaleyfishafa, kennitala notendaleyfishafa, gildistími notendaleyfis þegar sala fór fram, nafn fyrirtækis (ef við á), kennitala fyrirtækis (ef við á), heiti vöru, styrkur virks efnis/virkra efna, umbúðastærð vöru, og fjöldi seldra/afhentra vörueininga. Einnig var óskað eftir upplýsingum um tilnefndan ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara hjá fyrirtækinu.

Niðurstaða eftirlits

Samhentir Kassagerð hf. skilaði gögnum til Umhverfis- og orkustofnunar þann 31. mars 2025. Við skoðun á gögnunum kom í ljós að af skráðum kaupendum notendaleyfisskyldra vara á árinu 2024 reyndust 17 viðskiptavinir ekki vera með notendaleyfi í gildi þegar kaup fóru fram. Í allt voru þessir 17 viðskiptavinir skráðir fyrir 34 viðskiptum með notendaleyfisskyldar vörur. Af þessum 17 notendaleyfishöfum var gildistími notendaleyfis fimm þeirra úrunnin þegar sala fór fram. 11 kaupendur höfðu aldrei verið handhafar notendaleyfis. Annar var handhafi notendaleyfis fyrir útrýmingarefnum, en fékk afhentar plöntuverndarvörur án þess að vera handhafi notendaleyfis fyrir plöntuverndarvörum. Í tveimur tilvikum var nafn kaupanda notendaleyfisskyldra vara ekki skráð í söluskrá og því teljast þær sölur með sem afhending notendaleyfisskyldra vara til kaupenda sem ekki voru með notendaleyfi í gildi þegar sala fór fram.

Samhentir Kassagerð hf. hefur tilnefnt ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara og hefur tilnefningin verið staðfest af Umhverfis- og orkustofnun með útgáfu vottorðs.

Í eftirliti með söluskrám notendaleyfisskyldra vara á árinu 2024 hjá fyrirtækinu voru gerðar kröfur um úrbætur sem fólu í sér gerð verklagsreglna vegna sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum. Fyrirtækið skilaði uppfærðum verklagsreglum til stofnunarinnar á árinu 2024 sem voru í kjölfarið samþykktar af stofnuninni. Í ár skilaði fyrirtækið verklagsreglum sem reyndust vera ósamþykkt útgáfa af verklagsreglum ársins 2024. Ljóst er af niðurstöðum eftirlits með söluskrám notendaleyfisskyldra vara í ár (2025) að fyrirtækið fer ekki eftir eigin verklagsreglum varðandi sölu notendaleyfisskyldra plöntuverndarvara og útrýmingarefna.

Frávik¹

Lýsing

Sala á plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum, sem einungis eru ætlaðar til notkunar í atvinnuskyni, til einstaklinga, sem ekki eru með notendaleyfi fyrir þessum vörum í gildi, telst vera brot á ákvæðum 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna.

Í eftirlitinu kom í ljós að Samhentir Kassagerð hf. Afhenti 17 viðskiptavinum notendaleyfisskyldar vörur, án þess að þeir væru með notendaleyfi í gildi þegar kaup fóru fram. Í allt voru þessir 17 viðskiptavinir skráðir fyrir 34 viðskiptum með notendaleyfisskyldar vörur á árinu 2024.

Samkvæmt 5. mgr. 24. gr. efnalaga og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna, skulu þeir sem setja á markað notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur og útrýmingarefni:

- halda skrá yfir söluna samkvæmt nánari fyrirmælum frá Umhverfis- og orkustofnun,
- afhenda Umhverfis- og orkustofnun skrá yfir söluna á því formi sem stofnunin tilgreinir.

Í bréfi stofnunarinnar dags. 3. mars 2025 kom fram að skila ætti skrá yfir sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum í einu Excel-skjali sbr. sniðmát sem fylgdi bréfinu. Samhentir Kassagerð hf. skilaði ekki inn fullnægjandi Excel-skjali þar sem upplýsingar um gildistíma notendaleyfis þegar sala fór fram vantaði.

Selfossi, 20. ágúst 2025

Kristín Silja Guðlaugsdóttir

Teymi efnamála

¹ Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum